


Alþingi
Erindi nr. P 141/1284
komudagur 23.1.2013



Bandalag íslenskra listamanna Federation of Icelandic artists

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2013

Efni: Umsögn um þingsmál 477 á þingskjali 615 um happdrætti

Bandalag íslenskra listamanna hefur beitt sér fyrir því að happdrættislöggjöf á Íslandi verði breytt þannig að ágóða af íslenska lottóinu verði m.a. varið til verkefna á sviði lista og menningar, svo sem títt er í nágrannalöndum okkar. BÍL hefur borið þetta erindi fram við þrjá ráðherra á þessu kjörtímabili, Steingrím J. Sigfússon þáv. fjármálaráðherra, Rögnu Árnadóttur, þáv. dómsmálaráðherra og Ögmund Jónasson innanríkisráðherra. Ráðherrarnir tóku allir vel í málaleitan BÍL, sem lagði til að stofnaður yrði starfshópur sem fengi málið til skoðunar. Á vordögum 2011 skipaði innanríkisráðherra svo starfshóp, sem fékk það hlutverk að skoða umhverfi lottómála á Íslandi og skiptingu ágóða af starfsemi þeirri sem rekin er af Íslenskri Getspá. Eftir því sem BÍL kemst næst þá fór vinna starfshópsins aldrei af stað fyrir alvöru. En af því að vitað var um undirbúning frumvarps um happdrættismál innan ráðuneytisins þá vonaðist BÍL til þess að mál tengd lottóinu væru þar undir. Þegar frumvarpi um happdrætti var dreift á Alþingi í lok nóvember sl. olli það BÍL vonbrigðum að sjá að þar skuli ekki með nokkrum hætti fjallað um lottó eða skiptingu ágóða af starfsemi Íslenskrar Getspár.

Frumvarp innanríkisráðherra nr. 477 á þingskjali 615 gerir ráð fyrir breytingum á öllum lögum sem varða happdrætti, söfnunarkassa, getraunir, talnagetraunir o.fl. Það er því lag fyrir Alþingi að gera breytingar á lögnum um talnagetraunir nr. 26/1986 með það að markmiði að ágóðinn af sölu íslenska lottósins verði að hluta nýttur til að styðja verkefni á vettvangi lista og menningar. BÍL gerir ekki athugasemdir við það að íþróttahreyfingin í landinu skipti með sér ágóða getrauna skv. lögum nr. 59/1972 en telur sanngirnismál að listir og menning njóti þess hluta ágóðans af lottóinu (skv. lögum nr. 26/1986) sem nú kemur í hlut ÍSÍ og UMFÍ. Stjórn BÍL er tilbúin að koma á fund nefndarinnar til að fylgja þessari málaleitan eftir.

Úr skýrslu forseta BÍL fyrir starfsárið 2011:


Í febrúar 2011 sendi BÍL innanríkisráðherra erindi þar sem þess var farið á leit að framkvæmd íslenska lottósins verði endurskoðuð. Mælt var með því að þau einkaleyfi sem veitt eru til starfrækslu íslenska lottósins verði endurskoðuð reglulega og að ráðstöfun þeirra miklu fjármuna, sem lottóið veltir árlega verði aðgengileg almenningsi. Lagði BÍL til að ráðherra skipaði starfshóp í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra, sem falið yrði að skoða með hvaða hætti breytingar af þessu tagi verði best framkvæmdar, m.a. með það að markmiði að listir og menning fái hlutdeild í þeim fjármunum sem aflað er gegnum lottó, líkt og tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Í maí 2011 var tilkynnt að innanríkisráðherra hefði skipaði slíkan starfshóp og var Katrín Fjeldsted fyrrverandi alþingismaður skipaður formaður hópsins. Það hefur tekið nokkrum tíma að koma hópsnum saman en það stefnir í að

hann fari að hittast reglulega eftir mánaðarmót janúar/febrúar. BÍL mun að sjálfsögðu fylgjast grannt með starfi hópsins og sjá til þess að hann hafi nauðsynlegar upplýsingar um fyrirmyndir þess fyrirkomulag, sem BÍL stefnir á að innleitt verði hér á landi, þar sem listir og menning fá hlutdeild í lottó-ágóða.

Sjá einnig þskj. 1063 frá 140. löggjafarþingi, þar sem innanríkisráðherra staðfestir tilvist starfshópsins:
<http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1063.pdf>

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Kolbrún Halldórsdóttir'. The signature is fluid and cursive, with a long, sweeping underline that extends to the left.

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti